



Samband ungra  
Framsóknarmanna

## Umsögn Sambands ungra Framsóknarmanna vegna breytingu á lögum um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998

23/03/2021

Þingskjal 304 - Mál nr. 272

### **Kosningaaldur við ár en ekki dag:**

Ungt Framsóknarfólk leggur til að kosningaréttur verði veittur við byrjun þess árs sem einstaklingur nær kosningaaldri, en ekki við fæðingardag.

Vitnum við í umsögn okkar vegna frumvarps til kosningalaga um sama mál:

„Ungt Framsóknarfólk telur það ekki lýðræðislegt að neita ungu fólki um kosningarétt einungis vegna þess að þau fæðast seinna á kosningarárinu. Þau sem fæðast á sama ári eru talin jafningjar í augum samfélagsins, þau fylgjast að í gegnum grunnskóla, taka lokapróf saman og útskrifast saman. Allt óháð því hvort þau fæðist í janúar, júní eða desember.

Þrátt fyrir það að vera talin jafningjar eru þau ekki jöfn þegar kemur að rétti til kosninga, mikilvægasta rétti sem fyrirfinnst í lýðræðisríki.“

Með því að setja það inn í þessa tillögu væri stórt skref tekið í átt að lýðræðislegra samfélagi. Nefna má að Norðmenn veita nú þegar kosningarétt við fæðingarár en ekki fæðingardag. Norðmenn hafa þar sýnt gott fordæmi í þessum efnum og ættum við að taka þá okkur til fyrirmyndar og jafna þannig rétt ungs fólks til þátttöku í kosningum.

Eftirfarandi stendur í 50. gr. norsku stjórnarskrárinnar:

„Kosningarétt hafa allir norskir ríkisborgarar, karlar og konur, sem orðnir eru eða verða fullra átján ára á því ári sem kosningar eru haldnar.“



Samband ungra  
Framsóknarmanna

Ungt Framsóknarfólk leggur því til að breytingartillögunni verði breytt, svo að kosningaréttur væri miðaður við fæðingarár í stað fæðingardags.